

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>VEF1036</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>Kennsluáætun vor 2013</b>	
Síða 1 af 2		

<b>Kennarar:</b>	Ragnheiður Björk Þórssdóttir og Borghildur Ína Sölvadóttir	Sk.st.	<b>RÞÓ og INA</b>
<b>Netföng:</b>	<a href="mailto:ragga@vma.is">ragga@vma.is</a> og <a href="mailto:ina@vma.is">ina@vma.is</a>		

### Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í vefnaði vefa nemendur a.m.k. þrjú stykki, bandáferð og þráðaráferð og þrjár prufur. Lögð er áhersla á einskeftuvefnað, vaðmál og ormeldúk í prufum. Í stykkini með bandáferðinni, sem gjarnan er taska, borðregill eða veggstykki, er lögð áhersla á einskeftu og rósabandsvefnað. Í stykkini með þráðaráferð er lögð áhersla á vaðmál, samsetta bindingu eða ormeldúk. Nemendur taka virkan þátt í sem flestu er varðar uppsetningu á voð í vefstól, en ekki er ætlast til að þeir reikni út í uppistöðu eða bindi upp skemla og skammel í þessum áfanga. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur til fimm skoft og fjögur - sex skammel.

### Markmið:

- að nemendur kynnist vefstólum, læri að rekja í vef.
- að nemendur kynnist uppsetningu á slöngu og setja upp í vef í vefstóli.
- að nemendur læri að þekkja og tileinka sér einskeftu, vaðmál, ormeldúk og rósaband í verkum sínum og noti fjögur til fimm skoft og fjögur til sex skammel.
- að nemendur noti mismunandi þræði eða efni í verk sín s.s. niður- rifið efni, ullarband, bómull og hör.

### Helstu verkefni í VEF 103 eru:

- Til dæmis einskefta og/eða vaðmál, salúnvefur, eða önnur einföld samsett binding.
- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð.
- Prufa/prufur í einskeftu, vaðmáli, ormeldúk eða samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Vika	Námsefnin
2.	Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur rekja í slöngu og ákveðið er hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki, þ.e.s. Knipplingavefur, (tuskumottu), rósabandsvef eða prufustykki.) Prufuvinna.
3. - 6.	Uppsetning á vef og vinna í vefstól. Fyrsta stykki ofið.
7. - 10.	2. stykki ofið og/eða prufur ofnar.
11.-13.	3. stykki ofið og/eða prufur. Nemendur skipta um vefstól og vefa sitt annað stykki.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>VEF1036</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>Kennsluáætun vor 2013</b>	
Síða 2 af 2		

14.-17. Nemendur vinna sitt seinasta stykki og frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna er í seinustu vikunni.

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur, vefnaður, myndlist og textíll. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.
Tímarit	Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu

Námsmat	Lýsing	Vægi
Salún eða annað	Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður	25 %
Fínt stykki	Rósabandsáferð eða knipplingavefur	40 %
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

#### Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

#### Innkaup:

Mappa A4. Nemendur setja hugmyndir sýnar, skissur, uppskriftir og prufur í möppu. Einnig er gott að vera með skissubók reiknivél og skrifffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð. Sú upphæð dugar yfirleitt fyrir því efni sem notað er í 103.

**Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!**

#### Með fyrirvara um breytingar

**Ragnheiður Björk Þórssdóttir og Borghildur Ína Söljadóttir**

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils